

RARIK  
Daníel Ali Kazmi  
Dvergshöfða 2  
110 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2024  
UST202404-284/A.B.  
10.05.04

## **Efni: Umsögn - Ósk RARIK um framkvæmdaleyfi til Borgarbyggðar fyrir lagningu jarðstrengis um Akra**

Vísað er til erindis RARIK er barst 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna óskar RARIK um framkvæmdarleyfi til sveitarfélagsins Borgarbyggðar fyrir lagningu jarðstrengis um við Hraunshreppsveg á Akralandi.

Í erindinu kemur fram að háspennustrengurinn er plægður á um 90 cm dýpi og er strengleiðin í vegkantinum. Í erindinu kemur einnig fram að framkvæmdin nær til svæðis á náttúruminjaskrá.

### **Náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Löngufjörur og er númer 214 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „Grunnsævi, víðáttumiklar leirur, sandfjörur og fitjar, auk fjölda eyja og skerja. Blautir brokflóar. Afar mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svæðið sem farið er um sé skoðað mjög vel m.t.t. fuglalífs og til þess að vernda fuglalíf á svæðinu að framkvæmdir fari fram utan varptíma.

### **Votlendi**

Umhverfisstofnun bendir á að hjá stöðvarpunktum 3500 - 4200 er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í erindinu kemur fram að gróður muni jafna sig á tveimur árum. Því er mjög mikilvægt að farið sé varlega um votlendis - og gróðursvæðin og gengið mjög vel frá svo að votlendi raskist ekki og að gróður nái sér. Einnig ætti að huga að vöktunaráætlun varðandi endurheimt votlendis og gróðurs.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**